

Samtök verslunar og þjónustu
b.t. Andrésar Magnússonar
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2015
Tilv.: 1502027

Efni: Breytingar á greiðslukortamarkaði

Þann 18. desember 2014 tilkynnti Samkeppniseftirlitið um að Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, Borgun og Valitor hefðu hver fyrir sig gert sátt við Samkeppniseftirlitið vegna rannsóknar þess á samkeppnishömlum á greiðslukortamarkaði. Í ákvörðun nr. 8/2015 sem nýlega var birt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins er gerð ítarleg grein lyktum málsins.

Fyrrgreindum sáttum er ætlað að leiða til mikilvægra breytinga á greiðslukortamarkaði. Megintilgangurinn með þeim er að stuðla að aukinni hagkvæmni í greiðslukortapjónustu með því að skapa grundvöll fyrir sterkara aðhald viðskiptavina, stuðla að samkeppnislegu jafnræði keppinauta á sviði færsluhirðingar og greiðslukortaútgáfu, draga úr hættu á hagsmunárekstrum í starfsemi fjármálafyrirtækja á greiðslukortamarkaði, og að öðru leyti stuðla að virkari samkeppni á sviði kortaútgáfu og færsluhirðingar.

Breytingarnar fela m.a. í sér að þann 1. maí sl. gengu í gildi hámörk milligjalda sem taka til viðskipta hjá íslenskum söluaðilum þegar greitt er með íslenskum VISA, Electron, MasterCard og Maestro neytendagreiðslukortum. Hámörkin eru 0,20% í tilviki debetkarta og 0,60% í tilviki kreditkarta. Hámörkin eiga við óháð því hvort greitt er á sölustað, með boðgreiðslum, gegnum internetið, með farsíma eða með öðrum snertilausum hætti. Hámörkin eru 0,20% í tilviki debetkarta og 0,60% í tilviki kreditkarta. Miðast þessi hámörk við virði hverrar færslu þannig að ekki er um meðaltal milligjalda að ræða. Með innleiðingu hámarkanna er m.a. stuðlað að aðlögun að ákvæðum reglugerðar ESB um milligjöld sem búast má við að taki gildi hér á landi innan tíðar á grundvelli skuldbindinga Íslands skv. EES-samningnum.

Í heild leiða framangreind hámörk til lækkunar á milligjöldum. Í sáttunum við Valitor og Borgun er ákvæði þar sem þessir aðilar skuldbinda sig til þess að lækka þóknanir sínar gagnvart söluaðilum til samræmis við lækkun milligjalda. Þar sem samningar um færsluhirðingu eru tvíhliða milli færsluhirðis og söluaðila er mikilvægt að hver og einn

söluaðili sé vakandi fyrir þessu. Fjallað er um hámörk milligjalda í kafla 8.2 (bls. 41-47) í ákvörðuninni og í skýringum við ákvæði sáttanna á bls. 51-52 og 59-61.

Í tengslum framangreint hvetur Samkeppniseftirlitið söluaðila einnig til þess að vera vakandi fyrir samspili þóknana sem þeir greiða færsluhirðum og tilhögun fjármögnunar banka og sparisjóða á kreditkortaveltu gagnvart færsluhirðum. Þannig kunna boðuð dagleg uppgjör banka og sparisjóða á fjárhæð kreditkortaviðskipta gagnvart færsluhirðum að skapa hinum síðarnefndu viðbótarsvigrúm til að lækka þóknun sína gagnvart söluaðilum eftir gildistöku hámarksmilligjalda. Samkeppniseftirlitið hvetur söluaðila til að kynna sér þessa hlið breytinganna einnig. Nánar er fjallað um þetta í kafla 8.4 á bls. 49-50 í ákvörðuninni.

Lægri tilkostnaður söluaðila vegna þessara breytinga ætti að koma bæði fyrirtækjum og neytendum til góða með því að stuðla að öflugra atvinnulífi og lægra vöruberði. Til þess að sem mestur ávinningur hljótist af framangreindum breytingum fyrir samfélagið er brýnt að söluaðilar séu upplýstir um breytingarnar og veiti þjónustuaðilum sínum á sviði færsluhirðingar aðhald í samningum um þóknanir fyrir færsluhirðingu.

Samkeppniseftirlitið beinir því til Samtaka verslunar og þjónustu að koma efni bréfs þessa á framfæri við aðildarfyrirtæki, innan þess ramma sem 10. og 12. gr. samkeppnisлага setur samtökunum. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á því að á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins hefur verið sett upp sérstök upplýsingasíða vegna málsins þar sem nálgast má frekari upplýsingar um framangreindar breytingar. Slóðin er: <http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/greidslukortamarkadur/>.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Ólafur F. Þorsteinsson